

Vegagerðin - Akureyri
Freyr Pálsson
Suðurhraun 3
210 Garðabæ

Reykjavík, 22. febrúar 2023
Tilvísun: 202202041 / 5.3

Efni: Fjarðarheiðargöng – skilyrði í álitum Skipulagsstofnunar

Með tölvupósti dags. 10. febrúar sl. óskaði Vegagerðin eftir því að Skipulagsstofnun endurskoðaði skilyrði í álitum sínu frá 22. desember 2022 um mat á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga um að tekið yrði tillit til friðaðra fléttutegunda við val á milli veglína um Egilsstaðaskóg og að fyrir lægi kortlagning á fundarstöðum friðaðra fléttutegunda á áhrifsvæði allra framlagðra valkosta um skóginn áður en framkvæmdaleyfi yrði gefið út. Fram kemur í erindi Vegagerðarinnar að stofnunin telji skilyrðið ekki endurspeglar umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatskýrslu fyrir framkvæmdina. Náttúrufræðistofnun hafi ekki krafist þess að fléttur yrðu kortlagðar á veglínunum allra valkosta í umsögn sinni og ekki liggi fyrir rök fyrir slíkum skilyrðum. Vegagerðin muni láta sérfræðing fara um fyrirhugað framkvæmdasvæði til að staðfesta hvort friðlýstar fléttur finnist áður en vegframkvæmdir hefjist og færa birkitré sem fléttur vaxa á þar sem þess gerist þörf, í samræmi við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Gert sé ráð fyrir að mótvægisáðgerðir verði unnar undir leiðsögn Umhverfisstofnunar. Vegagerðin komi að fullu til móts við umsögn Náttúrufræðistofnunar og með mótvægisáðgerðum sé komið til móts við ákvæði í auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna og markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, m.a. er varðar umhverfisvernd. Í ljósi framangreinds telur Vegagerðin ekki þörf á að kortleggja fléttur á áhrifsvæði allra valkosta eða að sú kortlagning sé nauðsynleg fyrir ákvörðun um aðalvalkost eða veitingu framkvæmdaleyfis. Það er mat Vegagerðarinnar, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, að kortlagningin muni ekki breyta niðurstöðu umhverfismatsins eða forsendum fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis. Skilyrðin kunni jafnframt að tefja framkvæmdir.

Í auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og flétta kemur fram að forsendur fyrir friðun fléttutegunda eru hversu sjaldgæfar þær eru, útbreiðsla þeirra takmörkuð, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista. Markmið friðunarinnar er m.a. að vernda og viðhalda fágætum fléttum, að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og að tegundirnar geti þrífist og fjölgað sér náttúrulega án íhlutunar og í friði frá neikvæðum áhrifum mannsins. Af framanrituðu má ljóst vera að verndargildi friðaðra fléttutegunda er hátt og hvers kyns rask á þeim gengur gegn markmiðum friðunarinnar. Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands bent á að verndargildi Egilsstaðaskógar felist m.a. í sjaldgæfum fléttum sem vaxi á birkinu.

Skipulagsstofnun telur að friðaðar fléttur séu fágæt náttúruverðmæti sem horfa beri til við samanburð valkosta í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og við val á aðalvalkosti. Ljóst er að hér er um að ræða veigamikil aðriði sem ekki var skoðað með fullnægjandi hætti í mati á umhverfisáhrifum Fjarðarheiðarganga. Skipulagsstofnun telur skilyrði í álitum stofnunarinnar til þess fallin að varpa ljósi á möguleg áhrif einstakra valkosta um Egilsstaðaskóg á friðaðar fléttur og þannig renna styrkari stöðum undir ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis. Skipulagsstofnun telur þó að kortlagning friðaðra fléttutegunda á áhrifsvæði aðalvalkosta Vegagerðarinnar sé fullnægjandi til að meta umhverfisáhrif

Þess valkostar. Skipulagsstofnun fellst því á beiðni Vegagerðarinnar um að endurskoða skilyrði í álitistofnunarinnar þannig að þau verði svohljóðandi:

- Skipulagsstofnun telur að áður en kemur að útgáfu framkvæmdaleyfis þurfi að kortleggja fundarstaði friðaðra fléttutegunda á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði um Egilsstaðaskóg. Einnig þurfi að leggja fram mótvægisáðgerðir, til að draga úr áhrifum vegagerðarinnar á friðaðar æðplöntur og fléttur, sem unnar hafa verið í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Það leiðir af þessari ákvörðun um endurskoðun að eftirfarandi skilyrði í álitistofnunar frá 22. desember 2022 er afturkallað: „Skipulagsstofnun telur að áður en kemur að útgáfu framkvæmdaleyfis þurfi að kortleggja fundarstaði friðaðra fléttutegunda á áhrifasvæði allra framlagðra valkosta um Egilsstaðaskóg. Einnig þurfi að leggja fram mótvægisáðgerðir, til að draga úr áhrifum vegagerðarinnar á friðaðar æðplöntur og fléttur, sem unnar hafa verið í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun fyrir þann valkost sem verður fyrir valinu.“

Skipulagsstofnun bendir þó á að ef aðalvalkostur verður eingöngu athugaður með tilliti til friðaðra fléttutegunda þá kemur ekki til með að liggja fyrir hvort aðrir valkostir hafi minni áhrif á friðaðar fléttur.

Þar sem mótvægisáðgerð Vegagerðarinnar gengur út á að færa birkitré sem fléttur vaxa á bendir Skipulagsstofnun á að Suðurleið liggur um elsta hluta Egilsstaðaskógar. Í þessum eldri hluta birkiskógarins eru trén hærri, eða 3-5 m há, en annars staðar í skóginum og því getur reynst erfiðara að færa trén. Hvetur stofnunin Vegagerðina til að skoða einnig aðrar mótvægisáðgerðir, s.s. hliðrun á veglínu.

Að lokum vekur Skipulagsstofnun athygli Vegagerðarinnar og Múlaþings á að stjórnvöldum ber að sýna sérstaka aðgát við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir fléttna, sbr. 7. gr. auglýsingar nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Samkvæmt sömu grein skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna.

Egill Þórarinsson

Jón Ágúst Jónsson

Afrit: Múlaþing, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun